

Hvalfjarðarsveit
Helga Harðardóttir
Innrimel 3
301 Akranes

Garðabær, 13. júní 2024
Málsnúmer: 202405-0020/45
IAS

Efni: Litli-Botn Hvalfjarðarsveit, nýtt deiliskipulag.

Vísað er í erindi í gegnum Skipulagsgátt, dags. 24. maí 2024, þar sem Hvalfjarðarsveit óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um nýtt deiliskipulag fyrir Litla-Botn í Hvalfjarðarsveit.

Deiliskipulagið byggir á aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032. Skipulagið er innan reita F40 og F41, sem ætlaðir eru fyrir frístundabyggð. Á skipulagssvæðinu eru 50 frístundalóðir auk sameiginlegra útivistasvæða og lands undir vegstæði. Aðalskipulag gerir ráð fyrir að lóðir skuli að jafnaði vera 0,5-2,0 ha að stærð. Á vestursvæði mega lóðir ná upp í allt að 100 m hæð y.s.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagið og gerir eftirfarandi athugasemdir.

Fram kemur að skipulagssvæðið er innan hverfisverndarsvæðis HV6 samkvæmt aðalskipulagi en ekki kemur fram að það er innan svæðis 201 á náttúruminjaskrá og í næsta nágrenni við svæði sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta vegna fjöruvistgerða, fugla og sela.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um vinnslutillögu að aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 þann 30. nóvember 2021. Þar var gerð athugasemd við mikla fjölgun svæða undir frístundabyggð og bent á að ekki væri æskilegt að skipuleggja frístundabyggð innan náttúruverndarsvæða. Engu að síður eru fjögur frístundasvæði innan svæðis 201 á náttúruminjaskrá (Brynjudalur, Botnsdalur, Hvalvatn og Glymur) í Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar 2020-2032 sem staðfest var af Skipulagsstofnun 26. apríl 2023.

Náttúrufræðistofnun ítrekar að gæta þarf hófs ef frístundabyggð eða verslunar- og þjónustusvæði eru skipulögð innan náttúruverndarsvæðis og hafa verndarhagsmuni svæðisins að leiðarljósi. Þá er svæðið sem breytingin nær til að hluta til vaxið birki en samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (60/2013) njóta „sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré“ sérstakrar verndar og skal forðast að raska þeim nema brýna nauðsyn beri til. Erfitt er að sjá hvernig svo umfangsmikil uppbygging getur orðið að veruleika án þess að valda verulega raski á birkiskóginum og breyta mjög ásýnd svæðisins og rýra þannig verndargildi þess.

Þá má benda á að hæsti foss landsins, Glymur í Botnsá sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár, er innan við skipulagssvæðið. Fyrirhuguð fjölgun frístundahúsa, ásamt hóteli og smáhúsum í landi Litla-Botns, er líkleg til þess að auka mjög álag á svæðinu upp að Glym en þar þarf að huga að stígagerð og stýra umferð til að koma í veg fyrir að verndargildi svæðisins rýrni.



Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

